

FRÉTTABRÉF



**ICELAND
GEOTHERMAL
CONFERENCE**
Reykjavík • Harpa • 25–27 May, 2027

IGC 2027

Við erum stolt að kynna til leiks nýskipaða fagnefnd IGC 2027 en í þeim hópi hafa eftirfarandi aðilar verið valdir:

dr. Lilja Magnúsdóttir, Director of Resource Management at HS Orka and Chairman of the Geothermal Association of Iceland - **conference chair**

- **Alma Stefánsdóttir**, Geothermal Specialist at Landsvirkjun
- **Anna Björg Guðjónsdóttir**, Senior Associate BBA fjeldco/Elements
- **Kristín Steinunnardóttir**, Geothermal Specialist, COWI Iceland & Vice Chair of the board Iceland Renewable Energy Cluster (IREC)
- **Rósbjörg Jónsdóttir**, CEO Iceland Renewable Energy Cluster
- **Steinn Hauksdóttir**, Manager of Natural Resources and international relations at Iceland GeoSurvey - ISOR
- **dr. Vala Hjörleifsdóttir**, Associate professor, Reykjavík University
- **Þorleikur Jóhannesson**, Mechanical Engineer, Geothermal Systems, Verkís Consulting Engineers

www.igc.is

Frá auðlindum Íslands til alþjóðlegrar seiglu, framþróunar og hagsældar

Undirbúningur er hafinn að sjöttu alþjóðlegu jarðhitaráðstefnunni, Iceland Geothermal Conference (IGC2027), sem haldin verður í Hörpu dagana 25.–27. maí 2027. Ráðstefnan hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem einn af mikilvægustu viðburðum heims fyrir fræðslu, nýsköpun og viðskipti á sviði jarðvarma og tengdrar starfsemi.

Við erum sérstaklega stolt af því að tilkynna að **HS Orka** hefur gengið til liðs við IGC 2027 sem **Platinum Partner** og þar með aðalstyrktaraðili ráðstefnunnar. Samningur þess efnis var undirritaður í liðinni viku af Tómasi Má Sigurðssyni, forstjóra HS Orku, og Rósbjörgu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Orkuklasans. Með samningnum leggur HS Orka Orkuklasanum enn frekar lið við að efla alþjóðlegt samstarf og áhuga á þróun jarðvarma sem hluta af lausnum í loftslagsmálum og sjálfbærri orkuþróun framtíðarinnar.

Jarðvarmi gegnir lykilhlutverki í sjálfbærri orkuframleiðslu og loftslagsmálum framtíðarinnar. Ísland hefur með reynslu sinni sýnt hvernig nýting jarðvarma getur skapað hreina orku, öruggt hitakerfi, matvælaframleiðslu og ný tækifæri í iðnaði. Þannig hafa Íslendingar lagt af mörkum til samfélagslegrar velferðar og hnattærnnar sjálfbærni. Ráðstefnan er eitt af hryggjarstykkiðum í starfsemi Orkuklasans. Meginmarkmið Iceland Geothermal Conference - IGC er að efla þekkingu og skilning, skapa viðskipti og tækifæri á fjölbreyttum sviðum jarðvarma og nýtingar hans, og varpa ljósi á þau margvíslegu tækifæri sem jarðvarminn býður upp á – fyrir samfélög, atvinnulíf og umhverfi.

IGC 2027 mun leiða þátttakendur í gegnum alla virðiskeðju jarðvarmans – frá rannsóknunum og þróun til samþættingar og fjölþættrar nýtingar. Ráðstefnan dregur fram hvernig jarðvarmi tryggir áreiðanlega orku, knýr nýsköpun og skapar varanleg verðmæti fyrir samfélög. Hjarta ráðstefnunnar slær þar sem orkuöryggi, nýsköpun og velferð mætast – og sýnir hvernig jarðvarmi stuðlar að hreinni og hagkvæmri orku, opnar nýjar lausnir og styrkir samfélög til framtíðar.

HS Orka er eitt af flaggskipum Íslands í jarðvarmaframleiðslu og fjölnýtingu jarðvarma, og jafnframt kjarninn í Auðlindagráðinu á Reykjanesi. Það er því mikill fengur í því að fá fyrirtækið til liðs við okkur í þessu mikilvæga verkefni

Auk HS Orku eru eftirfarandi aðilar staðfestir samstarfsaðilar að IGC 2027:

- VERKÍS
- EFLA
- COWI
- ISOR
- Orkuveitan
- Landsvirkjun
- RANNÍS
- Íslandsstofa
- THINK GEO

Vilt þú vera partner? Hafðu samand: igc@energycluster.is



VIÐNÁMSÞRÓTTUR ORKUGEIRANS - ÆÐAKERFI SAMFÉLAGSINS

Orkumál eru eitt mikilvægasta æðakerfi samfélagsins – Orkan nærir alla starfsemi, tengir saman fólk, fyrirtæki og innviði, og er forsenda þess að grunnstoðir samfélagsins virki, hvort sem litið er til heilbrigði, fjarskipta, samgangna eða gagnvirki fjármála. Einfaldlega til að daglegt líf virki. Án orku komumst við ekkert áfram.

Á Íslandi hefur orkugeirinn sýnt ótrúlegan viðnámsþrótt í gegnum tíðina – hvort sem um hefur verið að ræða náttúruvá, sveiflur á mörkuðum eða breytingar í alþjóðlegu umhverfi. Þessi þróttur byggir á djúpum rótum: traustum innviðum, þekkingu og þeirri samvinnu sem einkennir íslenskt orkusamfélag.

Viðnámsþróttur felst ekki aðeins í að þola áföll, heldur að geta lært og eflst, aðlagast og skapað ný verðmæti í kjölfar breytinga. Það er einmitt þar sem íslenskur orkugeiri stendur sterkur – í getu sinni til að nýta orku á fjölbreyttan hátt, skapa störf og stuðla að samfélagslegri velferð og nýsköpun.

Áherslur Orkuklasans eru að horfa til aukinnar nýsköpun og þróun, fræðslu og þekkingu og vinna með alþjóðasamfélaginu að nýjum lausnum og tækifærum. Með því að styrkja samvinnu á öllum stigum virðiskeðjunnar stuðlum við að aukinni verðmætasköpun, orkuöryggi og samfélagslegum stöðugleika. Viðnámsþróttur geirans er ekki aðeins mælikvarði á tæknilega getu – hann er mælikvarði á heilsu samfélagsins í heild. Með samstilltu átaki tryggjum við að íslenskt orkukerfi haldi áfram að vera sterk stoð undir sjálfbæra framtíð Íslands. Tökum samtalið saman 18.nóv!

KLASAAÐILAR SPJALLA

18. Nóv 2025
Morgunverðarspjall
með KPMG HQ
0830-10:00

SKRÁ MIG



Stjórn Orkuklasans fundar hjá aðildarfélögum





Stjórn Orkuklasans þetta starfsárið tók upp þá nýbreytni að halda fundi sína hjá félögum stjórnarfulltrúa.

Um leið og góð og markvisst samstarf stjórnar fer fram þá gefst líka tækifæri til að kynna sér sérstaklega starfsemi mismunandi aðildarféлага. Þetta fyrirkomulag hefur reynst sérstaklega vel.

Myndin hér til hliðar var tekinn á 98.stjórnarfund stjórnar í ágúst sl sem haldinn var hjá Landsneti. Síðan þá hafa fundir verið haldnir hjá COWI og Rarik á Selfossi.

ERNA – verkefnið fer af stað með krafti



Verkefnið ERNA fór af stað í lok október þegar hátt í 60 þátttakendur frá Íslandi, Noregi, Færeyjum og Grænlandi komu saman.

ERNA nýtur hlutfjármögnunar frá NORA – Nordic Atlantic Cooperation, hefur það markmið að efla samstarf um endurnýjanleg og viðnámspolin kerfi orkutengdrar starfsemi á norðurslóðum og í Norður-Atlantshafi. Verkefnið er þróað af Arctic Cluster Team í Noregi og Orkuklasanum (Iceland Renewable Energy Cluster), en síðan bættust við Greenland Business Association og Umhvörvisstovan frá Færeyjum.

Í umræðum þátttakenda komu fram helstu áherslur um framtíð orkuvíðnáms:

- Orkuvíðnámsþróttur verður að fara hönd í hönd með samfélagslegri þátttöku og samþykki almennings.
- Tæknilausnir eiga að styðja hver aðra – ekki keppa við hverja aðra.
- Þörf er á heildstæðri nálgun sem sameinar endurnýjanlega orku, orkugeymslur og snjallnet.
- „Viðnámsþróttur í orkutengdri starfsemi jafngildir efnahagslegri seiglu.“

Við hvetjum félaga til að taka þátt í vinnustofunum sem haldnar verða fram á vor. 1. mun horfa á orkuöryggi og fer fram 26.nóv nk.

AÐILDARFÉLAGAR ORKUKLASANS OKTÓBER 2025



Sérstaða Orkuklasans eru aðildarfélagarnir sjálfir, þekking þeirra og hæfni!
Samtalið á milli atvinnugreinarinnar, fjármagnsaðila, stjórnvalda, akademíunnar og frumkvöðlanna verður að vera virkt þannig að náum við árangri.
Kynna sér aðildarfélagi Orkuklasans [hér](#)



Liðsheildin eflist

Nú hefur **Orkusalan** bæst í hóp aðildarféлага Orkuklasans og er þar mikill og góður styrkur fyrir heildina enda þjóna þeir mikilvægu hlutverki í virðiskeðju orkutengdra starfsemi. Við bjóðum Orkusöluna velkomna til leiks og við hlökkum til samstarfsins

www.orkusalan.is



Nýsköpunarverðlaun SAMORKU

Snerpa Powr - nýsköpunaraðilinn okkar hlaut nýsköpunarverðlaun SAMORKU nú í byrjun nóvember.

Við óskum SnerpaPower innilega til hamingju og hlökkum til að fylgjast með þeim vaxa og dafna

Þátttaka er kjarninn að árangri árangrsríks klasavettvettvangs

Líkt og áður þá kennir ýmissa grasa í starfsemi Orkuklasans og reynum við að fremsta megni gera því góð skil. Viðburðardagatalið okkar þéttist og þéttist og erum við komin með viðburði og vinnustofur langt fram á næsta vor! Ekki láta þitt eftir liggja og taktu þátt!

Skráðu þig hér á [viðburðardagatali okkar](#)

